

### 6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á diselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

### III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

### IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. ágúst 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1976.*

F. h. r.

Árni Snævarr.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

### REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Blönduóshrepps nr. 263 30. maí 1975.

#### 1. gr.

2. gr. orðist þannig:

#### Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmllest.
- c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 9.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

**2. gr.**

3. gr. orðist þannig:

**Bryggjugjöld.**

Öll skip sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 4.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 518.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

**3. gr.**

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 175.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 370.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 025.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 100.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 80.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. júlí 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Grundarfjarðar nr. 136 4. mars 1975.

**1. gr.**

2. gr. orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 9.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 4.80 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 9.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 640.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 3 200.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.